

17. mars 2016

Ávarp

Þórunnar Guðmundsdóttur formanns bankaráðs á 55. ársfundum Seðlabanka Íslands, 17. mars 2016.

Hæstvirtur Forseti Íslands, fjármála- og efnahagsráðherra, bankastjórar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir. Ég býð ykkur velkomin og set hér með fimmtugasta og fimmta ársfund Seðlabanka Íslands.

Hlutverk bankaráðsins er einkum að hafa eftirlit með starfsemi bankans ásamt því að staðfesta reglur og tillögur seðlabankastjóra. Ráðið er skipað sjö fulltrúum sem kosnir eru að loknum hverjum Alþingiskosningum. Ég var hins vegar kosin í bankaráðið fyrir ári síðan og var þá falið að veita því forystu. Á síðasta ári hélt ráðið 15 fundi.

Svo sem fram kemur í ársskýrslu þeirri sem liggur hér frammi sinnir Seðlabankinn reglubundnum verkefnum auk ýmissa átaksverkefna hverju sinni. Stærsta átaksverkefnið á síðasta ári voru án efa þau skref sem stigin voru í samstarfi við stjórnvöld að losun fjármagnshafta. Um þetta má nánar lesa í ársskýrslu bankans sem liggur frammi.

Eins og fram kemur í ársskýrslunni er meginmarkmið Seðlabanka Íslands að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skal Seðlabankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Í upphafi árs 2015 var verðbólga undir verðból gumarkmiði Seðlabankans, en hún fór hækkandi á árinu. Undir lok árs var hún rétt undir verðból gumarkmiðinu.

Á sviði fjármálastöðugleika var unnið að mati á uppgjörum slitabúa gömlu viðskiptabankanna og áhrifum á lausafjárstöðu starfandi banka. Álagspróf sýndu að á heildina litið voru bankarnir nokkuð vel í stakk búnir til að takast á við áföll. Jafnframt hefur hagur heimila batnað, skuldir þeirra lækkað og vísitala kaupmáttar hækkað. Staða fyrirtækja styrktist einnig.

Á árinu var fyrsta heila starfsár fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar sem vinnur fyrir ráðið en í Seðlabankanum fer fram margvíslegt starf fyrir ráðið og nefndina.

Seðlabankinn varðveitir gjaldeyrisforða til að geta minnkað áhrif af sveiflum í fjármagnsstreymi til og frá landinu og tryggja greiðslugetu ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli. Forðinn jókst um 123 milljarða króna á árinu og var 653 milljarðar í árslok.

Seðlabankinn sinnir því verkefni fyrir ríkissjóð að sjá um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða og sinnir umsýslu ríkisábyrgða og samskiptum við alþjóðleg lánshæfismatsfyrirtæki fyrir hönd ríkisins. Matsfyrirtækin hækkuðu öll lánshæfiseinkunn ríkissjóðs á árinu í framhaldi af því að áætlun stjórnvalda um afnám fjármagnshafta var kynnt í júní.

Seðlabankinn sinnir gjaldeyriseftirliti og vann á árinu að mikilvægum undanþágum vegna nauðasamninga fallinna viðskiptabanka og sparisjóða, auk fjölmargra annarra undanþága, tók við tilkynningum um nýfjárfestingu, staðfestingum vegna gjaldeyrisviðskipta og sinnti rannsóknum á grundvelli reglna og laga um gjaldeyrismál. Síðustu gjaldeyrisútboð samkvæmt fjárfestingarleið og ríkisverðbréfaeið voru haldin á árinu.

Þá er söfnun og vinnsla hagtalna og margvísleg útgáfa rita á sviði efnahagsmála og rannsókna mikilvægur þáttur í starfsemi bankans. Upplýsingar um allt þetta er að finna á heimasíðu bankans.

Þá má ekki gleyma félögunum tveim sem eru í eigu Seðlabanka Íslands og gegna afmörkuðum verkefnum, þ.e. Greiðsluveitunni og Eignasafni Seðlabanka Íslands.

Ég ætla nú að víkja aðeins að fjárhagslegri afkomu og efnahag Seðlabankans.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2015 að fjárhæð 5.651 m.kr. en hagnaður árið 2014 var 11.220 m.kr. Afkoma bankans dróst þannig saman um 5.568 m.kr. frá árinu á undan. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 3.151 m.kr. milli ára. Vaxtatekjur af innlendum eignum lækkuðu um 1.431 m.kr. sem rekja má til höfuðstólslækkunar skuldabréfa og sölu innlendra eigna. Vaxtagjöld af innlendum innstæðum jukust um 4.385 m.kr. vegna mikilla gjaldeyriskaupa bankans á árinu. Vaxtagjöld erlendra skulda lækkuðu um 2.330 m.kr. og þar vó þungst uppgreiðsla lána frá AGS og Póllandi.

Aðrar rekstrartekjur bankans jukust um 5.394 m.kr. milli ára. Þar skiptir mestu tekjufærsla vegna endurmats á verðmæti innlendra skuldabréfa úr eignasafni ESÍ. Gengistap varð af gjaldeyrisviðskiptum ársins 2015 sem nam 119 m.kr., sem rekja má til aukinna inngrípa bankans, en þau reyndust vera í sögulegu hámarki á árinu. Rekstrargjöld bankans lækkuðu um 301 m.kr. milli ára, aðallega vegna lækkunar á þjónustugjöldum sem tengjast starfsemi félaga í eigu bankans.

Laun og launatengd gjöld jukust um 12,6% milli ára sem skýrist einkum af samningsbundnum hækkunum vegna kjarasamninga. Eignir bankans námu alls 916.977 m.kr. í árslok 2015 en voru 953.598 m.kr. í lok ársins 2014. Erlendar eignir hækkuðu á árinu um 123.587 m.kr. Eigið fé bankans var 78.760 m.kr. í árslok 2015 og eiginfjárhlutfall bankans var 8,6% samanborið við 7,9% í árslok 2014.

Ákveðið hefur verið að ráðstafa hagnaði bankans og innstæðu í varasjóði, samtals 14,9 ma.kr., til eflingar eigin fjár bankans.

Í lok árs 2015 voru samtals 178 starfsmenn hér í Seðlabankanum. Kynjahlutfallið er þó nokkuð jafnt eða 53% karlkyns starfsmenn á móti 47% konum. Í hópi framkvæmdastjóra eru fimm karlar og fimm konur.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum bankans fyrir einstaklega gott starf og samstarf á árinu. Þá vil ég sérstaklega þakka bankaráðsmeðlimum, seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda fyrir einstaklega gott samstarf. Við hlýðum nú á ávarp Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, og að því loknu tekur til máls Már Guðmundsson seðlabankastjóri.